



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Sveitarfélagið Árborg
Bárður Guðmundsson
Skipulags- og byggingardeild
Austurvegi 67
800 Selfoss

Reykjavík 26. nóvember 2018
MÍ201811-0040/ 6.10 / K.M.

Efni: Garðlag í miðbæ Selfoss.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í miðbæ Selfoss eru leifar af garði (ÁR-217:046). Í fornleifaskráningarskýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2002, *Fornleifakönnun: Deiliskipulagsreitir á Selfossi*, er garðhleðslunni lýst þannig að hún sé um 10 m löng, 0,8 m há og rúmlega 1 m breið.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulag miðbæjarsvæðis Selfoss, dags. 03.08.2017, segir m.a.: *Ef raska þar garðinum vegna framkvæmda á svæðinu telur Minjastofnun Íslands að fá þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð í gegnum hann til að skoða betur gerð hans og til að reyna að komast að aldri hans.*

Til að uppfylla skilyrði Minjastofnunar hafði framkvæmdaraðilinn samband við Margréti Hrönn Hallmundsdóttur fornleifafræðing hjá fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða. Minjastofnun Íslands hefur borist greinargerð Margrétar frá 21.11.2018. Garðurinn var mældur upp með GPS tæki. Hann reyndist vera 7 m langur og um 0,6 m á hæð og mjög illa farinn. Í greinargerðinni segir:

Á gömlum ljósmyndum sést þessi garður vel og hefur staðið aftan við húsið og mögulega verið matjurtargarður við húsið Ingólf en göngustígur virðist vera öðrum megin við garðinn og gæti hann líka hafa markað lóð hússins Ingólfs. Hægt er að fullyrða að garðurinn er ekki fornleif í skilningi laga. Engar heimildir eru um neinar eldri minjar á þessu svæði enda voru Selfossbæir í töluverðri fjarlægð frá svæðinu. Ljóst er að garðurinn hefur tilheyrt húsinu Ingólfi sem var byggt þarna á þriðja áratug síðustu aldar og telst því ekki fornleif.

Í ljósi þessara upplýsinga telur Minjastofnun Íslands að ekki þurfi að grafa könnunarskurð í garðinn (ÁR-217:046). Með vísan í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) veitir stofnunin hér með leyfi til þess að garður (ÁR-217:046) verði fjarlægður án frekari rannsókna.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi (bardur@arborg.is)

Aðstoðarbyggingarfulltrúi (astgeir@arborg.is)

Sigurður Einarsson arkitekt (sig.e@arkitekt.is)

Torfi Ragnar Sigurðsson hjá Lögmennum Suðurlandi (torfi@log.is)

Grimur Jónasson stjórnarformaður Sigtúns Þróunarfélags (Grimur@vso.is)

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is